

# Íslendingar fundu Ameríku 500 árum á undan Kolumbusi

Eftir Gail Scott, correspondent fyrir The Diplomat

Árið 1999 kom út bókinn: „Diplomatic dance – the new embassy life in America“, eftir Gail Scott, kunna sjónvarpsfréttakonu sem áður hafði verið þingfréttaritari á Capitol hill og í Hvíta húsinu, en var þegar hér var komið sögu „diplomatic correspondent“ við The Diplomat, rit sem sérhæfði sig í frétttaflutningi af starfsemi erlendra sendiráða í höfuðborg heimsins. Í þessari bók fjallaði Gail Scott um störf sendiherra frá 20 ríkjum af þeim ca rúmlega 190 sem starfrækja sendiráð í DC. Seinasti kafli bókarinnar fjallar um íslensku sendiherrahjónin sem þá voru nýkomin á staðinn (1998-2002). Kafllinn hljóðar svo í íslenskri þýðingu (bls 203-205):

„Við náðum sambandi við nýjustu sendiherrahjónin, rétt áður en bókinn fór í prentun. Sendiherrann og kona hans koma frá landi sem ber hið hrollkalda nafn Ísland, fulltrúar þjóðar sem byggir eyju einangraða langt norður í Atlantshafi. En sjálf eru hjónin svo aðlaðandi, skemmtileg og áhugaverð að eftir að hafa kynnst þeim eru allar hugmyndir mínar um þessa fjarlægðu eyþjóð gerbreyttar.

Jón Baldvin Hannibalsson sendiherra er „Fulbright scholar“ sem stundaði framhaldsnám við Harvard á sínum tíma. Hann stærir sig af því að vera eini sendiherrann í heiminum sem hefur verið háseti á úthafsveiðitogurum í norðurhöfum. Þar fyrir utan hefur hann verið kennari, rektor, blaðamaður, ritstjóri, þingmaður og ráðherra, reyndar bæði fjármála og utanríkismála.

„Ég er ekki diplomat“ segir þessi sonur stjórnálmamanns. „Nær lagi væri að segja að ég hafi sest í helgan stein í diplómatíunni, sendur hingað í pólitíska útleið. Líf sendiherrans er eins og friðarhöfn í samanburði við líf stjórnálmamannsins, sem þarf að berjast fyrir því að lifa af frá degi til dags.“ Hann glottir háðslega út af þessari starfslýsingu diplómatsins. Við sitjum í ró og næði fyrir framan brakandi arineld í setustofu sendiherrabústaðarins og dreyfum á léttu víni til að örva andagiftina að loknum vinnudegi.

Sendiherrafrúin, Bryndís Schram, á ekki síður fjölskrúðugan feril að baki: fegurðardrottning Íslands 17 ára að aldri, ballerína, leikkona, sjónvarpskona og síðar á ævinni þýðandi og höfundur nokkurra bóka. Þetta er kona sem vekur athygli hvar sem hún fer.

Frásagnir þeirra orka á mig eins og flugeldasýning. Orkan streymir frá þeim. Fyndin, orðheppin og frásagnaglöð, minna þau mig á tónleika með Viktor Borge. Eins og hjá Borge er undirtóninn alvarlegur, þrátt fyrir alla glaðværdina. „Við erum hingað komin til að kynna Bandaríkjamönnum land okkar og þjóð“, segir hún og bætir við: „Við eigum heilmikið erindi við ykkur af því að Ísland er brúin sem tengir saman meginlönd Evrópu og Ameríku“.

„Ímynd víkinganna loðir enn við Norðurlandabúa jafnvel þúsund árum síðar“, segir hann, en bætir við með brosi á vör að Norðurlandabúar samtímans séu þá „happy warriors“. Það er reyndar heitið á einni af bestu skáldsögum Halldórs Kiljan Laxness. Eina íslenska nóbelsverðlaunahafans í bókmenntum, þar sem hann hefur hernaðaranda og hetjuskap að háði og spotti með slíkum tilþrifum að lesandinn veltist um af hlátri.

Margir diplómatanna sem fyrir voru í Washington þekktu reyndar herra Hannibalsson, að minnsta kosti af afspurn, áður en hann birtist á staðnum. Hann var sérstaklega nafnkunnugur fyrir frumkvæði sitt að stuðningi við baráttu Eystrasaltsþjóðanna fyrir endurreistu sjálfstæði í lok kalda stríðsins. Og

eins og sendiherra Króatíu minnti okkur á var hann líka fyrsti utanríkisráðherrann til þess að beita sér fyrir viðurkenningu á endurreistu sjálfstæði Króatíu árið 1991. „Hann var meira að segja á undan páfanum“, segir Miomir Susul, sendiherra Króatíu með aðdáun í röddinni. „Bandaríkin fylgdu í kjölfarið, fjórum dögum síðar“.

Jón Baldvin og kona hans Bryndís eru eins ólíkar persónur og hugsast getur en eiga það sameiginlegt að það getur engum leiðst í návist þeirra. Og þau hafa heilmikla sögu að segja okkur sem nú byggjum Norður-Ameríku, á árbúsundsárinu 2000. Það var íslenskur maður, Leifur Eiríksson, landkönnuður, -kallaður Leif the lucky - sem fyrstur Evrópumanna uppgötvaði hið áður óþekkt meginland Ameríku árið 1000. Bandaríska þingið – US Congress – viðurkenndi þessa sögulegu staðreynd árið 1964 og hefur síðan lýst níunda dag októbermánaðar „Leif Eriksson day“. Þar segir að Leifur sé „son of Iceland and grandson of Norway“. „Árið 2000 munum við fagna þúsund ára afmæli landafunda Ameríku með margvíslegum hætti, vítt og breitt um Bandaríkin og Kanada“, segir sendiherrann.

Við erum að undirbúa meiriháttar sýningu, í samstarfi við „The Smithsonian institute“ um landafundina og búsetu Norrænna manna á meginland Ameríku fyrir þúsund árum. Sýningin ber heitið „*West-Viking: the North Atlantic Saga*“, og verður formlega opnuð 15. apríl árið 2000. Sýningin er m.a. styrkt af „The White House Millennium Council“, undir forsæti Hillary Clinton, forsetafrúar. Þetta verður farandsýning sem verður sett upp á afmælisárinu í alls sjö borgum í Bandaríkjunum og Kanada. Sendiráð Norðurlandanna fimm (Íslands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands) starfa sameiginlega að undirbúningi og framkvæmd þessa kynningarátaks.

„Við erum fulltrúar þeirrar Evrópuþjóðar, sem á að baki lengst tengsl við meginland N-Ameríku. Við vorum hér fyrir þúsund árum, hálfu árbúsundi á undan Kolumbusi“, segir hann með viðeigandi *bravado*. „Þetta er ekki goðsögn, þetta er sagnfræði byggð á staðreyndum“, segir hann með áherslu.

Bryndís bætir við: „Seinni tíma rannsóknir staðfesta fornar heimildir fyrir því að annar landkönnunarleiðangurinn frá Íslendingabyggðum Grænlands til meginlands Ameríku var undir forystu hjóna, sem hétu Þorfinnur Karlsefni og Guðríður Þorbjarnardóttir. Líkur benda til að Guðríður hafi á sínum tíma verið „the first lady of Manhattan“. Við vitum með vissu að hún var móðir fyrsta Evrópumannsins, sem var borinn og barnfæddur á meginlandi Ameríku. Guðríður er án efa merkasti kvenlandkönnuður sögunnar. Síðar á ævinni fór hún í pílgrímsferð á fund páfans í Róm. Í Vatikaninu hafa fundist gögn sem lýsa frásögnum hennar af nýja heiminum. Sumir halda að Kolumbus hafi haft nasasjón af þessum heimildum, áður en hann lagði upp í sinn leiðangur hálfu árbúsundi síðar.“

Og hann bætir því við að „*The Canadian museum of Civilisation* í Ottawa hafi ákveðið að reisa stytta til heiðurs Guðríði á þúsund ára afmælinu. Hún ætti reyndar vel heima sem stjarna í Hollywood-kvikmynd“ – sagir hann með sannfæringakrafti.

Svo hlaupum við yfir söguna og ég spyr þau hvernig hjónabandið hafi enst svo vel í meira en 40 ár. Ég spyr vegna þess að þau hafa bæði átt sjálfstæðan starfsferil á gerólíkum sviðum; hún í heimi leikhúss og fjölmiðla, en hann verið umdeildur stjórnmálamaður. Þar að auki eru þau foreldrar fjögurra barna og eiga nú þegar fimm barnabörn.

„Að vera gift stjórnmálamanna er ekkert sældarbrauð“, segir hún. „Ég hef lifað það af með því að fara mínar eigin leiðir. Mörgum konum mislíkar að eiginmennirnir koma að litlu haldi við umönnun og uppeldi barnanna. Ég gerði mér snemma enga rellu út af því. Ég bara sá um þetta sjálf.“

Ég er forvitin að heyra hvar þau sáust fyrst. „Ég sá hana fyrst aftanverða“ segir sendiherrann og tekur bakföll af hlátri. Hún sat nefnilega fyrir framan hann í skólastofunni þegar þau voru bara 15 ára. Tveimur sumrum síðar, þegar hún var bara 17, var hún kosin ungfrú Ísland og fór alla leið til Long Beach í Kaliforníu að keppa um titilinn Fegurðardrottning heimsins. Hann sendi henni skeyti af því tilefni sem hljóðaði svo á íslensku: „Sveiattann“. Hann var þá að vinna við að leggja símalínur á fjarlægum landshorni á Íslandi og þurfti að labba langa leið á pósthús til að senda skeytið. Þau töluðu ekki mikið saman næsta árið. Tveimur árum seinna voru þau gift. En fóru samt hvort sína leið; hann til Edinborgar á Skotlandi til að læra til forsætisráðherra, en hún til Parísar að læra að verða lífskúntner.

Sögurnar eru endalausar. En þær eru aldrei leiðinlegar.“